

Kirkja Örlygs á Esjubergi – helgistund kl. 14 sunnudaginn 30. júní

Sunnudaginn 30. júní nk. kl 14 minnast Kjalnesingar þess að samkvæmt Landnámu stóð vagga kristinnar trúar á Kjalarnesi þar sem Örlygur Hrappson byggði fyrstu kirkju á Íslandi. Í tilefni þess verður helgistund að Esjubergi í umsjá sr. Gunnars Kristjánssonar prófasts og sr. Gunnþórs Ingasonar prests á sviði þjóðmenningar.

Að athöfn lokinni bjóða sögufélagið Steini og sóknarnefnd Brautarholtssóknar til kirkjukaffis í Fólkvangi þar sem flutt verða tvö erindi. Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson flytur erindi sem hann nefnir „Málamiðlun á Eyjaslóð“ en þar segir hann frá kynnum sínum af menningu og bókmenntum á Orkneyjum og Hjaltlandseyjum.

Þá mun og sr. Gunnþór Ingason fjalla í stuttu erindi um heilagan Kolumkilla en Örlygskirkja á Esjubergi var helguð honum.